

Fréttabréf Síðuskóla

4. bréf – desember – skólaárið 2020-2021

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Eins og fram kom í pósti frá skólastjóra hafa sóttvarnaryfirvöld gefið út að litlar sem engar breytingar verða á takmörkunum til og með 9. desember. Við höldum því svipuðu skipulagi áfram en bætum við íþróttum og sundi samkvæmt stundatöflu hjá 1.-7. bekk. Einnig bætast við tveir íþróttatímar hjá 8.-10. bekk. Við höldum áfram að leggja öll sem eitt á árarar í því að komast yfir þetta tímabil. Við gætum þurft að breyta skipulagi með stuttum fyrirvara þannig að það er mikilvægt að lesa vel allar upplýsingar sem berast frá skólanum. Verið í sambandi við okkur ef eitthvað er óljóst, það er mikilvægt svo allt gangi sem allra best.



Niðurstöður samræmdu prófanna í 4. og 7. bekk liggja fyrir og erum við mjög sátt við þær. Inn á heimasíðu skólans er hægt að skoða niðurstöður prófanna.

Litlu jólin verða á sínum stað þann 18. desember. Fyrirkomulag verður með öðru sniði en vant er vegna aðstæðna sem uppi eru núna. Nánari upplýsingar er að finna neðar í póstinum. Skólinn hefst svo aftur eftir jólaeyfi þann 5. janúar. Mánudaginn 4. janúar er skipulagsdagur og frístund er lokuð þann dag.

Starfsfólk Síðuskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári um leið og við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða. Það hefur verið mikilvægt að eiga gott samstarf við ykkur öll, þar sem verkefni ársins hafa verið óvenjuleg og krefjandi.

Með hækkandi sól tökumst við á við ný verkefni, leiðarljós okkar er að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Með góðri kveðju inn í helgina!
Ólöf, Malli og Helga



Á döfinni

8. desember

Kynning á Barnasáttmála og barnavernd í 8.-10. bekk

9. desember

Jólamatur fyrir 1.-10. bekk

11. desember

Kynning á Barnasáttmála og barnavernd í 4.-7. bekk

18. desember

Litlu jólin kl. 9-10.30, jólaleyfi hefst

4. janúar

Skipulagsdagur

5. janúar

Kennsla hefst eftir jólaleyfi

Litlu jólin

Vegna aðstæðna verða litlu jólin með öðru sniði en vant er. Hver árgangur mun halda litlu jólin í sínum heimastofum. Það verður dagskrá á sviðinu sem verður streymt inn í allar stofur. Að venju mun 6. bekkur sjá um jólaleikrit, Ólöf skólastjóri verður með jólahugleiðingu og síðan verða jólalögin sungin við undirleik.



Myndir úr skólanum



Frímínútur í 8.-10. bekk





1. bekkur að koma af bókasafninu



2. bekkur á leið í mat



Útsaumur í 3. bekk



Kíkt inn í 4. bekk



Innlit í 5. bekk



Líf og fjör í 6. bekk



Vöflupartý og föndur í 7. bekk





Matseðill Síðuskóla
Desember 2020



Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1. Bleikja, kryddkartöflur, grænmeti, köld sósa, ávextir	2. Grænmetisbuff, hrisgrjón, grænmetisgratin, köld sósa	3. Gratineraður fiskur, hrisgrjón, salat, ávextir	4. Blómkálssúpa, súpubrauð
7. Fiskibollur, hrisgrjón, karrýsósa, salat, ávextir	8. Kjötsúpa, ávextir	9. Jólamatur	10. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	11. Tröllasúpa, brauð
14. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir	15. Lasagne, hvítlauksbrauð, grænmeti	16. Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, ávextir	17. Pítsa, kokteilsósa	18. LITLU JÓLIN

Einkunnarorð í desember

Vínátta

Regla mánaðarins er:

„Við hugsum um þá sem eru einir og skiljum
engan útundan“.